

Tillaga að

REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Hábrún hf.
Starfsstöð: Skutulsfjörður Ísafjarðardjúpi
Kennitala: 450314-0640
Aðsetur: Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1140
Leyfið gildir til: xx.xx.2029

<u>Starfsemi:</u>	<u>Í gildi frá:</u>
AE 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss	xx.xx.2019
AE 4 - Þorskur / Gadus morhua	xx.xx.2019

Sjókvíaeldi án kynslóðaskipta í Skutulsfirði Ísafjarðardjúpi. Framleiðslumagn 700 tonn, þar af 650 tonn regnbogasilungur og 50 tonn þorskur.

Hámarkslífmassi 700 tonn, þar af 650 tonn regnbogasilungur og 50 tonn þorskur. Regnbogasilungur: Danmörk. Þorskur: villtur.

Eldissvæði 1 (yst), 2 (miðja) og 3 (innst). Framleiðslan fer þannig fram að fiskur er alinn á tveimur eldissvæðum í einu og eitt eldissvæði er í hvíld.

<u>Svæði</u>	<u>Punktur</u>
Eldissvæði 1	1. 66° 06.172'N 23° 06.069'W, 2. 66° 06.116'N 23° 05.230'W, 3. 66° 05.710'N 23° 05.458'W, 4. 66° 05.767'N 23° 06.287'W,
Eldissvæði 2	1. 66° 05.710'N 23° 05.458'W, 2. 66° 05.767'N 23° 06.287'W, 3. 66° 05.360'N 23° 06.513'W, 4. 66° 05.301'N 23° 05.693'W,
Eldissvæði 3	1. 66° 05.360'N 23° 06.513'W, 2. 66° 05.301'N 23° 05.693'W, 3. 66° 04.890'N 23° 05.929'W, 4. 66° 04.936'N 23° 06.734'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisáðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis